

57. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 5. október 2009 kl. 16:00 að Hamraborg 1.

Dagskrá: 1. Heimsókn í fjargeymslu að Hamraborg 14a; 2. Húsnæðismál stofnunarinnar; 3. Starfsmannamál; 4. Störf að undanfögnu; 5. Ársrit 2008-2009; 6. Gjöf Jóns Eiríkssonar; 7. Búnaður sem þörf er á; 8. Ríkisframlög til héraðsskjalasafna; 9. Reglur um rafræna skjalavörslu settar af Þjóðskjalaverði; 10. Viðtal héraðsskjalavarðar Kópavogs og borgarskjalavarðar við ráðherra um málefni héraðsskjalasafna; 11. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson, formaður, Hjörtur Pálsson og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn.

1. **Heimsókn í fjargeymslu að Hamraborg 14a:** Stjórn fór í heimsókn í fjargeymslu sem er bráðabirgðageymsla hér í grennd. Þar er búið að ganga frá ýmsum skjölum í góðar öskjur og vel merktar.
2. **Húsnæðismál:** Húsnæði safnsins er ófullnægjandi eins og oft hefur verið nefnt í stjórn safnsins. Héraðsskjalavörður leggur fram „Frumtillögu að nýbyggingu undir Héraðsskjalasafn Kópavogs“ þar sem hann fjallar um útlit, staðsetningu og stærð slíkrar byggingar. Tillagan var rædd og stjórnarmenn voru sammála um að nauðsynlegt sé að halda þessu máli vakandi. Rætt var um að hyggilegt væri að fá viðtal við bæjarstjóra á haustdögum.
3. **Starfsmannamál:** Kristín Stella Lorange fór í fæðingarorlof og Gunnar Marel Hinriksson hefur verið ráðinn í hennar starf til árs frá 1. sept. 2009. Gunnar var ráðinn í hálfu stöðu til næstu áramóta og því þarf að ráða mann í það starfshlutfall.
4. **Störf að undanfögnu:** Verið er að skrá skjöl Adolfs J.E.Petersens sem er mikið að vöxtum og að mörgu leyti merkilegt. Héraðsskjalavörður kynnti stjórn ýmis söfn sem héraðsskjalasafninu hafa borist til skráningar og varðveislu.
5. **Ársrit 2008-2009:** Héraðsskjalavörður kynnti á einni síðu frumdrög að næsta ársriti fyrir tvö ár. Þar er m.a. greinargerð fyrir starfsemi Héraðsskjalasafns Kópavogs, skjalaskrár og nokkrar greinar um sögu Kópavogs.
6. **Gjöf Jóns Eiríkssonar:** Jón Eiríksson frá Vorsabæ á Skeiðum hefur gefið safninu Alþingistíðindi frá síðari hluta 20. aldar. Stjórn Héraðsskjalasafnsins þiggur gjöfina og þakkar Jóni sýnda velvild til safnsins.
7. **Búnaður:** Nú þarf að endurnýja ljósritunarvél safnsins en nokkurt viðhald er komið á hana enda er hún frá upphafi aldarinnar. Slíkt tæki er dýrt, um kr. 700 þúsund. Einnig þarf að útvega skápa undir teikningar sem ekki er verjandi að geyma upprúllaðar.
8. **Ríkisframlög til héraðsskjalasafna:** Hilmar Björgvinsson, formaður stjórnar, og Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sendu Þjóðskjalasafni bréf hinn 14. júlí 2009 og óskuðu eftir skýringum á greiðslu Þjóðskjalasafns til Héraðsskjalasafns Kópavogs. Hinn 14. ágúst svaraði Þjóðskjalavörður með bréfi.
9. **Reglur um rafræna skjalavörslu settar af Þjóðskjalaverði:** Reglur um rafræn opinber gögn og skil á þeim útgefnar af Þjóðskjalaverði tóku gildi 1. ágúst lítt breyttar þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir héraðsskjalavarðar (sjá framlögð gögn á 55. stjórnarfundi 2. júní sl.) og bárust reglurnar

Héraðsskjalasafni Kópavogs í prentaðri útgáfu í pósti 31. ágúst 2009 frá Þjóðskjalasafni Íslands. Hinn 30. september 2009 skrifuðu héraðsskjalavörður Kópavogs og borgarskjalavörður í Reykjavík sameiginlegt „Minnisblað varðandi stöðu og framtíðarhorfur héraðsskjalasafna í landinu,“ stílað til Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra. Í kafla um *lagaumhverfi og stefnu* er því haldið fram að nýjar reglur Þjóðskjalasafns um rafræn opinber gögn stangist á við 14. gr. laga nr. 66/1985 um að sveitarfélög séu skilaskyld til héraðsskjalasafna. Í kafla um *fjárframlög ríkisins til héraðsskjalasafna* telja bréfritarar að Þjóðskjalasafnið hafi „haldið eftir hluta af fjárframlögum ríkisins til héraðsskjalasafna á undanförunum árum“ og „ekki farið að reglum sem það hefur sett sér og kynnt ráðuneytinu og Ríkisendurskoðun en látið hjá líða að kynna héraðsskjalasöfnunum.“ Segja bréfritarar mikilvægt að ráðherra skv. 23. gr. laga nr. 66/1985 setji reglur um framkvæmd 16. greinar laganna þar sem kveðið er á um fjárframlög ríkisins til héraðsskjalasafna.

10. **Viðtal héraðsskjalavardar Kópavogs og borgarskjalavardar við ráðherra um málefni héraðsskjalasafna:** Héraðsskjalavörður Kópavogs og borgarskjalavörður í Reykjavík fóru í viðtal til menntamálaráðherra 30. apríl 2009 og höfðu með sér minnisblaðið sem greint er frá í 9. lið og ræddu ýmis efnisatriði þess. Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs væntir þess að heyra frá ráðherra um málefni bréfsins.

11. **Önnur mál:** Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 18.00.

Fundarritari Bjarni Ólafsson